

Miðvikudaginn 21. júní 1989.

Nr. 152/1988. **Elsa Einarsdóttir**

(Jón G. Briem hdl.)

gegn

Páli Gíslasyni,

heilbrigðisráðherra f.h. Landspítalans

og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

(Gunnlaugur Claessen hrl.).

Gagnaöflun. Læknaráð.

Úrskurður:

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Læknaráð lét í té umsögn í máli þessu 2. mars 1987 og 21. apríl 1987. Eftir að læknaráð hafði látið í té umsagnir sínar og málið hafði verið flutt í héraði, var það endurupptekið og aðilum veittur kostur á öflun sérfræðilegs álits lækna í formi skoðunar- og matsgerðar á eftirtöldum atriðum:

- „1.1. Er stefnandi haldin kausalgiu?
- 1.2. Ef ekki, hvers eðlis eru þá þau nýju einkenni, sem hún hefur haft eftir aðgerð?
- 2.1. Má ætla, að gætt hafi verið nægilegrar varúðar við umönnun stefnanda eftir skurðaðgerðina?
- 2.2. Var rétt að grípa til aðgerða, fyrr en gert var, eða nota aðrar aðferðir en gert var?
3. Hefur stefnandi hlotið varanlegt mein af sýkingu í skurðsárum?“

Hinn 16. júlí 1987 voru dómkvaddir til að framkvæma hið umbeðna mat læknarnir Gunnar H. Gunnlaugsson, Haraldur Briem og Torfi Magnússon. Skiluðu þeir matsgerð 2. desember 1987. Þá hafa þeir komið fyrir dóm og staðfest matsgerðina og skýrt.

Niðurstaða hinna dómkvöddu lækna er nokkuð á annan veg en álit læknaráðs. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 14/1942, um læknaráð, er það hlutverk læknaráðs að láta dómstólum í té umsagnir varðandi læknisfræðileg efni.

Rétt er því að endurupptaka málið samkvæmt lögjöfnun frá 120.

gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, en það var dómtekið í Hæstarétti 7. júní sl., og leggja fyrir aðila, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 14/1942, að bera matsgjörð hinna dómkvöddu lækna undir læknaráð og leita álits þess á eftirfarandi:

1. Fellst læknaráð á lokaniðurstöðu matsgerðar?
2. Geri læknaráð það, er rétt, að spurt sé:
 - a) Verður örorka Elsu Einarsdóttur rakin til þess, að sýkingin var „meðhöndluð seint“, eins og matsmenn komast að orði í matsgerð?

Sérstök athygli er vakin á gagnrýni, sem fram kemur í matsgerð, á meðferð sýkingarinnar.

 - b) Telur læknaráð ástæðu til þess að endurskoða það mat sitt, að varanleg örorka Elsu sé 75%, og ef svo er, hver telst þá hæfilega metin örorka?
3. Fallist læknaráð ekki á lokaniðurstöðu matsgerðar, er óskað eftir rökstuddu áliti ráðsins á þeim niðurstöðum matsmanna, sem ráðið getur ekki fallist á. Er þá óskað eftir nýju mati á varanlegri örorku, telji ráðið þess þörf.

Á l y k t a r o r ð:

Lagt er fyrir aðila að afla álits læknaráðs á framangreindum atriðum.
